

Úrskurður

aganefndar Kraftlyftingasambands Íslands

nr. 2/2014

2. nóvember 2014

Þann 19. september 2014 framsendi stjórn Kraftlyftingasambands Íslands (hér eftir „KRAFT“) erindi til aganefndar KRAFT (hér eftir „aganefnd“) sem hafði borist stjórninni frá Sturlaugi Agnari Gunnarssyni. Erindið sem dagsett er sama dag lýsir því að Grétar Skúli Gunnarsson, formaður Kraftlyftingafélags Akureyrar (hér eftir „KFA“) og þjálfari hjá sama félagi, hafi gerst uppvis að ósæmilegri hegðun á Íslandsmeistaramóti í réttstöðulyftu sem fór fram 13. September 2014 í íþróttahúsi Breiðabliks. Í erindinu segir Sturlaugur:

„Grétar Skúli, formaður KFA, stóð við keppnisvall ósáttur við dómgæslu mína, rétti mér fingurinn og kallaði mig hálfvita sem kann ekki að dæma. Mér finnst svona hegðun ekki boðleg, bæði inn og út á við, fyrir íþrótt þar sem fagmennska og íþróttamannsleg hegðun er í hávegum höfð.“

Sturlaugur Agnar óskaði eftir því að tekið yrði tillit til 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál við meðferð málsins. Sturlaugur vísaði jafnframt, erindi sínu til stuðnings, til þess að Grétar Hrafnsson og Katla Þorsteinsdóttir væru bæði vitni í málinu, sem og fjölmargir aðrir sem á mótinu höfðu verið enda hefðu verið um 150 manns í salnum.

Í 1. og 2. mgr. 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál segir:

„Félög, keppendur, forystumenn og aðrir sem koma að starfi KRAFT skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi kraftlyftingahreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.“

Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi aðila og/eða félag í viðurlög eftir eðli brotsins. Viðurlög við brotum á ofangreindum reglum eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið áminning, sekt að upphæð kr. 150.000, allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram eða brot var framið. Félag viðkomandi aðila, keppanda eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum. „

Málsmeðferð aganefndar:

Aganefnd sendi erindi til Grétars Skúla þann 29. september 2014 þar sem honum var kynnt framangreind kvörtun. Grétari Skúla var enn fremur gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Grétar Skúli svaraði erindi aganefndar samdægurs. Í svari hans segir:

„Ég get staðfest að ég hafi sent honum puttann og viðurkenni að ég hafi leyft skapgerð minni að ná yfirhönd á stöðu sem hefði verið hægt að leysa á eðlilegri máta. Þessi hegðun er mér eðlislæg og einkennist af persónugerð minni.“

Grétar Skúli vék jafnframt að dómgæslustörfum Sturlaugs en þar sem störf og dómgæsla dómara heyra almennt ekki undir aganefnd var þeim þætti vísað til stjórnar KRAFT til viðeigandi meðferðar.

Óumdeilt verður að telja að Grétar Skúli hafi sýnt af sér þá hegðun sem lýst er í erindi Sturlaugs Agnars Gunnarssonar til aganefndar. Telur aganefnd háttsemina hafa verið vanvirðandi og til þess fallna að rýra álit almennings á kraftlyftingum, sbr. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál. Þá verður að líta til þess að Grétar Skúli gegnir ábyrgðarstöðu sem þjálfari og formaður KFA. Hann er af þeim sökum fyrirmynd, bæði þeim íþróttamönnum sem hann þjálfar og öðrum félagsmönnum innan KRAFT. Viðurlög sem aganefnd getur beitt eru áminning, sekt að upphæð kr. 150.000 eða keppnisbann allt að einu ári. Eins og atvikum er háttað og með vísan til 2. mgr. 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál telur aganefnd rétt að veita Grétari Skúla áminningu.

Um áfrýjun:

Samkvæmt 6. gr. reglugerðar KRAFT um agamál er þessi úrskurður endanlegur.

Úrskurðarorð:

Grétar Skúli Gunnarsson hefur sýnt af sér vanvirðandi hegðun skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðar KRAFT um agamál. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar er Grétari Skúla veitt áminning vegna málsins.

Anna Sigríður Arnardóttir

Grétar Dór Sigurðsson

Sturla Ólafsson